

Kópavogi, 17. febrúar 2021.

Ágæti skólastjóri.

Nú eru tæpar þrjá vikur í fyrirögn samræmdra könnunarprófa og því mikilvægt að hafa þessi atriði í huga.

Upplýsingafundir

Það verða haldnir tveir formlegir upplýsingafundir og er sá **fyrsti haldinn eftir hádegi í dag**.

Miðvikudaginn 17. febrúar, kl. 14:30 - <https://bit.ly/37mN6FR>

Mánudaginn 1. mars, kl. 14:30 - <https://bit.ly/2ZmG6nQ>

Við hvetjum starfsfólk skóla sem kemur að undirbúningi og fyrirögn prófanna til að taka þátt í fundunum. Þau sem vilja taka þátt eru beðin um að senda tölvupóst á kynningarmal@mms.is

Yfirferð bekkjarlista í Skólagátt

Mikilvægt er að tryggja rétta skráningu nemenda og bekkja í [Skólagátt](#). Til dæmis yfirfara skráningu í bekk, nemendur sem eru hættir í skólanum o.fl. Í slíkum tilfellum skal senda tölvupóst á netfangið skolagatt@mms.is. Skólastjórar verða að tryggja að skráningar á kennurum/starfsfólki skóla séu réttar, t.d. eyða aðgangi kennara sem eru hættir störfum.

Skráningar á stuðningsúrræðum og undanþágum

Skrá þarf stuðningsúrræði og undanþágur nemenda í Skólagátt fyrir miðnætti **miðvikudaginn 24. febrúar**. Ekki þarf að skrá stuðningsúrræði sérstaklega vegna hefðbundins viðbótarpróftíma (30 mín.) þar sem öllum nemendum stendur til boða að nýta slíkt úrræði. Leiðbeiningar varðandi Skólagátt má finna [hér](#) og nánari upplýsingar um skráningu í stuðningsúrræði [hér](#). Við vekjum athygli á breytingum á Skólagátt en nú er hægt að sjá hvaða nemendur hafa verið skráðir í stuðningsúrræði eða undanþágur og birtist listi í hverjum bekk, undir lista kennara. Ef þörf er á frekari aðstoð vegna skráninga í Skólagátt, vinsamlega sendið póst á skolagatt@mms.is.

Veflás verður notaður í könnunarprófunum í mars. Þannig þarf að tryggja að veflás virki í öllum tölvum. Unnt er að nota kynningarprófin til að athuga hvort veflás virki. [Kynningarpróf](#) eru aðgengileg á vef stofnunarinnar. Þau eru í fullri lengd og eru hugsuð fyrir nemendur og foreldra til að skoða og æfa sig á prófakerfinu.

Á vef Menntamálastofnunar má finna [leiðbeiningar um framkvæmd](#) en þar eru meðal annars [viðbragðsáætlun stofnunarinnar](#) og [gátlisti skóla](#). Þetta eru gagnleg skjöl fyrir skólastjórnendur og/eða umsjónaraðila prófanna. Á vefnum eru einnig [bréf](#) til nemenda í 9. bekk og forsjáraðila þeirra á íslensku, ensku og pólsku.

Hvetjum við ykkur til að hafa samband ef spurningar vakna. Sími Menntamálastofnunar er **514-7500** og netfang prófahópsins er prof@mms.is

Með góðri kveðju,
Auðun Valborgarson, sérfræðingur,
Sigurgrímur Skúlason, próffræðingur.